

Dagskrá Stjórnarfundar 2021 - 2022

Fundur #9

Staður: Teams

Dagsetning: 10.02.2022

Tími: 12.00 – 13.30

12.00 – 12.10	1	Opnun – einn stuttur hringur.
12.10 – 12.20	2	Skýrsla framkvæmdastjóra (AR)
12.20 – 12.30	3	Sýnileikanefndin (ETS, VJ)
12.30 – 12.35	4	Landsbyggðarráðstefna FKA (ERR, ETS)
12.35 – 12.50	5	Aðalfundur FKA
12.50 – 12.55	6	Tillaga frá Formannafundi FKA deilda um rýni á lögum og starfsemi FKA (SHP)
12.55 -13.00	7	Vinnustofa JV á Evrópuráðstefnu BPW 27. – 29. maí 2022 (KKH)
13.00 – 13.25	8	Verkefni stjórnar/FKA framundan: a. Alþjóðastarf: Women on Top frá Grikklandi í febrúar og CSW í mars (SHP) b. Fræðslunefnd með nýliðakynningu c. Nýjar deildir og innganga annarra félagasamtaka (AR) d. Heimasíða, tæknimál, miðlar FKA (KKH)
13.25 – 13.30	9	Önnur mál

Mættar: Edda Rún Ragnarsdóttir (ERR), Elísabet Tanía Smáradóttir (ETS), Katrín Kristjana Harðardóttir (KKH), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), Unnur Elva Arnardóttir (UEA) og Vigdís Jóhannsdóttir (VJ) sem og framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR).

- 1. Opnun – einn stuttur hringur**
- 2. Skýrsla framkvæmdastjóra (AR)**
Reikningar eru vel stæðir.
Viðurkenningarhátíð FKA gekk afar vel og fékk mikla umfjöllun. Allir viðurkenningarhafar hafa fengið umtalsverðan sýnileika.
- 3. Sýnileikadagur (ETS/VJ)**
Áætlaður 17. mars í Arion banka með Sýn.
- 4. Landsbyggðarráðstefnan (ERR / ETS)**
Áætluð 23. apríl, verið að staðfesta staðsetningu – önnur atriði í vinnslu.
- 5. Aðalfundur (AR/SHP)**
Unnur Elva, Vigdís og Katrín Kristjana taka að sér að undirbúa aðalfund. Atriði sem voru nefnd: það þarf að setja tímalínu fyrir grasrótastarf vegna lagabreytinga, finna aðila til að framkvæma rafrænar kosningar, fara yfir kosningafyrirkomulag, finna staðsetningu, finna dagsetningu. Hugmynd að vera með opna kosningu í 2-3 daga, halda kjörfundi viku fyrr, reyna að stytta fundinn, ganga þarf úr skugga um að það megi hafa kosningu opna í nokkra daga, halda fundinn bæði Raf/Raun, hefja skráningu fyrir páska og byrja að kalla eftir framboðum, finna kjörstjórn, finna fundarstjórn, manna Tankinn (hjálpasetur kosninga), óska eftir tilnefningum í kjörstjórn. 8-21. apríl.
- 6. Formannafundur FKA (SHP)**
Haldinn var formannafundur FKA 3. Febrúar. Formenn allra deilda og stjórn FKA voru boðaðar. Tillaga kom frá fundinum að stjórn FKA myndi formlega fela Elfi XX umsjón á lagabreytingum fyrir komandi aðalfund í maí. Stjórn FKA samþykkti að lýsa yfir fullum stuðningi við grasrótastarf Elfar varðandi lagabreytingar á félaginu.
- 7. Vinnustofa JV á Evrópuráðstefnu BPW maí 2022 (KKH)**

Jafnvægisvogarráð hefur samþykkt að halda vinnustofu á Evrópuráðstefnu BPW (Business Professional Women) nk maí 2022.

8. Verkefni stjórnar / FKA á næstunni: (SH & AR)

a. Alþjóðastarf:

- a. Women on Top frá Grikklandi eru með vefráðstefnu í febrúar – Sigríður Hrund fer í panelumræðu. WoT er framhald á samtali frá því haustið 2021.
- b. CSW verður í mars – sendinefnd Íslands á kvennaþing sameinuðu þjóðanna. Sigríður Hrund formaður FKA og Anna Björk formaður FKA framtíðar verða áheyrnarfulltrúar fyrir hönd FKA.

b. Fræðslunefnd verður með rafræna nýliðakynningu 10. febrúar.

c. Nýjar deildir og innganga annarra félagasamtaka (AR): Fyrirhugað er að halda kynningu fyrir konur í atvinnulífinu á Austurlandi, önnur frjáls félagasamtök kvenna hafa verið að spyrja um hvernig hægt sé að ganga í heilu lagi inn í FKA.

d. Heimasíða, tæknimál, miðlar FKA (KKH) – beðið er eftir tilboði í vistun heimasíðu.

9. Önnur mál

Eydís Rós Eyglóardóttir gekk úr stjórn á milli stjórnarfunda. Stjórn FKA þakkar Eydísi Rós fyrir góð störf í þágu FKA og gott samstarf innan stjórnar. Vigdís Jóhannsdóttir var kosin nýr ritari stjórnar.